



Reykjavík, 16. desember 2021

R21100283

## Umsögn aðgengis og samráðsnefndar fatlaðs fólks um Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Nefndin vill byrja á að nefna dæmi um gott samráð sem haft var við nefndina við undirbúning, hönnun og byggingu á skólahúsnæði við Dalskóla í Úlfarsárdal.

Þó má nefna að enn eru að berast erindi inn á borð nefndarinnar um verkefni tengd aðgengismálum í nýlegum skóla og frístundabyggingum.

Nefndin tekur undir niðurlag umsagnar Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráð um stefnuna.

*„Stefnan er að mörgu leyti yfirborðskennnd, hún nær yfir margt en fer ekki út í mikil smáatriði. Það væri áhugavert að sjá viðmiðin sem er vísað til og eiga að veita „nánari leiðsögn til hönnuða um kröfur sem settar eru fram um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað o.fl.“ Eru um að ræða gátlista, aðrar stefnur, leiðbeiningar eða annað? Hvernig tengjast þessar kröfur þáttum mannréttindastefnunnar? Það er jákvætt að það eigi að fara fram forsögn í tengslum við hvert verkefni til að tryggja breiða aðkomu, fjölbreytta sýn og þarfagreiningu hverju sinni. Það væri þó áhugavert að skýra hana betur og skilgreina væntanlega notendur bygginga og rýmis sem hagsmunaaðila í þeirri vinnu“.*

Jákvætt er að slík stefna sé mótuð en bent er á að lítið fer fyrir í texta stefnunnar um hugmyndafræði algildar hönnunar eða mikilvægi ólíkra þarfa ólíkra hópa fatlaðs fólks að skóla og frístundahúsnæði.

Unnið er að fyrstu aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar, í samvinnu við aðgengis og samráðsnefnd, sem mun taka á aðgengi að skólahúsnæði og minnir nefndin á samráð og samtal við nefndina þegar unnið er að útfærslu alls húsnæðis í eigu borgarinnar.